

Siðareglur Kviku banka hf.

Samþykkt 18. október 2017 / Áætluð endurskoðun í október 2018 / Ábyrgðaraðili: Stjórn

1. Tilgangur

- 1.1. Reglum þessum er ætlað að gera grein fyrir þeim siðferðislegu gildum sem stuðst er við í daglegum störfum Kviku banka hf. (*hér eftir nefndur „Kvika“ eða „bankinn“*). Þær eru grunnviðmið góðra viðskiptahátta og ber starfsmönnum að hafa þær að leiðarljósi í samskiptum sínum við viðskiptavinum og aðra aðila í tengslum við störf sín fyrir hönd bankans.
- 1.2. Reglunum er ætlað að tryggja öryggi og hagsmuni viðskiptavina Kviku og annarra sem eiga hagsmuna að gæta í samskiptum sínum við og í störfum sínum fyrir bankann.
- 1.3. Starfsmönnum ber skylda til að kynna sér reglurnar og fara eftir þeim í sínum störfum.

2. Gildissvið

- 2.1. Reglurnar gilda um starfsmenn Kviku, stjórnendur og alla þá sem taka að sér verk fyrir hönd og í þágu bankans.

3. Trúnaður

- 3.1. Starfsmönnum Kviku ber ávallt að gæta fyllsta trúnaðar í störfum sínum og við meðhöndlun upplýsinga. Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um hagi viðskiptavina sinna og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara.
- 3.2. Starfsmönnum Kviku ber að eiga heiðarleg samskipti við viðskiptavinum og aðra hagsmunaaðila. Starfsmenn skulu ekki nýta sér ekki upplýsingar sem þeir kunna að fá í starfi í eigin þágu eða í þágu tengdra aðila.

4. Hagsmunaaðrekstrar

- 4.1. Innan Kviku eru gerðar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir þá hagsmunaaðrekstra sem upp geta komið í starfsemi bankans. Gætt er að aðskilnaði starfsviða til að koma í veg fyrir hagsmunaaðrekstra og stýra upplýsingastreymi sem þar fer á milli.
- 4.2. Starfsmenn skulu upplýsa regluvörð án tafar um þau atriði sem áhrif geta haft á hlutleysi eða sjálfstæði þeirra í störfum. Komi upp hagsmunaaðrekstrar er leyst úr þeim í samræmi við innri reglur bankans um ráðstafanir gegn hagsmunaaðrekstrum.

5. Fagleg þjónusta

- 5.1. Starfsmönnum Kviku ber að tileinka sér samvissusöm vinnubrögð og veita viðskiptavinum bankans faglega þjónustu í samræmi við lög, reglur og eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti.
- 5.2. Innri reglur Kviku eru reglulega uppfærðar og eftirlit haft með að þær séu í samræmi við lög og reglur á hverjum tíma.

6. Upplýsingar til viðskiptavina

- 6.1. Starfsmenn Kviku skulu ávallt veita viðskiptavinum áreiðanlegar og skýrar upplýsingar.

6.2. Kvika miðlar ekki ósönnum eða villandi upplýsingum til viðskiptavina, annarra hagsmunaaðila eða almennings.

7. Eftirfylgni, birting o.fl.

7.1. Komi upp siðferðileg álitafni í starfsemi Kviku skulu starfsmenn ráðfæra sig við regluvörð um úrlausn þeirra. Regluvörður skal skrá álitafni sem upp koma og gera stjórn grein fyrir úrlausn þeirra.




7.2. Regluvörður og innri endurskoðandi hafa eftirlit með því að reglum þessum sé framfylgt.

7.3. Reglurnar skulu birtar á heimasíðu Kviku, www.kvika.is.

8. Breytingar

8.1. Breytingar á reglum þessum verða aðeins gerðar skriflega og taka gildi þegar stjórn bankans hefur samþykkt þær.

Samþykkt af stjórn Kviku banka hf. 18. október 2017.


Þorsteinn Pálsson
Jónas Hagan Guðmundsson
Guðmundur Þórðarson
Inga Björg Hjaltadóttir
Hrönn Sveinsdóttir